



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

586. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 7. október 2024
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Farið yfir stöðu mála varðandi uppfærslu Samgöngusáttmálans. Nú hefur uppfærsla Samgöngusáttmálans verið staðfest á vettvangi fimm sveitarfélaga. Umræða í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar stendur yfir.

Niðurstaða:

Umræður

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Stýrihópur sem ber ábyrgð á vinnu við undirbúning nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hefur verið skipaður og tekið til starfa.

Framkvæmdastjóri kynnir verkefnaskipulag og vinnuna framundan.

Niðurstaða:

Umræður

3. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi er bókun Samstarfsnefndar skíðasvæðanna dags. 10. september 2024, þar sem lagt er til að skoðuð verði og tekin ákvörðun um frekari innviðauppbýggingu í Bláfjöllum en að frekari greiningu vegna Skálafells verði frestað um tvö til þrjú ár. Á 583. fundi var fyrirliggjandi skýrslu um uppbýggingu til framtíðar á skíðasvæðinu í Skálafelli vísað til nefndarinnar til umræðu og tillögugerðar til stjórnar SSH. Um er að ræða framhald umræðna frá 585. fundi. Fyrirliggjandi er þá yfirlit með tímalínu samninga og framkvæmda.

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur ekki tímabært að vinna að frekari framkvæmdum í Bláfjöllum að svo stöddu, enda er í gildi Samkomulag um endurnýjun og uppbýggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt síðari viðaukum og er



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

þar kveðið á um forgangsörðun verkefna og þau verkefni sem ráðist skuli í. Í ljósi breyttra forsendna og kostnaðaráætlana varðandi Skálafell verði verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum falið að skoða aðrar mögulegar sviðsmyndir í Skálafelli en þær sem skýrsla um uppbyggingu til framtíðar á skíðasvæðinu í Skálafelli byggir á og leggja fyrir stjórn. Á grundvelli þeirrar vinnu verði þá gerður viðauki við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

4. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Fyrirliggjandi eru drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2025 en þau verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 1. nóvember nk. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun ársins 2025 sem verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 1. nóvember nk.

5. Þróunaráætlun 2020 - 2024 - 1812002

Framhald umræðu 583. fundar. Vinna hefur staðið yfir við gerð Þróunaráætlunar höfuðborgarsvæðisins: stöðutaka 2024, en með henni er lögð áhersla á að samræma áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis, auk annarra aðgerða til að ná fram markmiðum svæðisskipulags um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040.

Gestir

Helga Frímann Kristjánsdóttir VSÓ

Stefán Gunnar Thors VSÓ

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins verði send aðildarsveitarfélögum til kynningar og kynnt á opinberum vettvangi SSH.

6. Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna - 2403007

Á 583. fundi var samþykkt að koma á fót sameiginlegu farsældarráði innan höfuðborgarsvæðisins. Var framkvæmdastjóra þá falið að gera viðaukasamning við samning um Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við mennta- og barnamálaráðuneytið um fjármögnun ráðningar verkefnastjóra sem starfi að undirbúningi stofnunar farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins og að ráða verkefnastjóra á grundvelli hans.

Drög að samningi eru fyrirliggjandi til kynningar en stefnt er að undirritun hans 10. október nk.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram til samræmis við umræður fundarins og bókun 583. fundar.

7. Samstarf um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir - 2201002

Framhald umræðu 583. fundar. Fyrirliggjandi eru tillögur starfshóps: áfangaskýrsla II: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

þjónustu við fatlað fólk, dags. september 2024. Umræður.

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi skýrsla verður send Samráðshóp á sviði velferðarmála og óskað umsagnar um efni hennar.

Í skýrslunni er að finna niðurstöður og tillögur starfshópsins m.a. um að ríkið taki að sér uppbyggingu og rekstur á þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda á þriðja stigi, kostnað vegna aðila sem eru með þörf fyrir öryggisráðstafanir og kostnað vegna ungs fatlaðs fólks á hjúkrunarheimilum.

Stjórn SSH gerir skýra kröfu um að framangreint fái stoð í fjárlögum ríkisins árið 2025.

8. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að nýjum samningi milli SSH, innviðaráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis vegna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2025-2029. Er þá gerð tillaga um að framlag SSH á árinu 2025 nemi 6.000.000 kr.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að fullvinna samninginn í samráði við ráðuneytin og undirrita hann að því loknu.

9. Skilavegir - yfirlýsing vegna til sveitarfélaga - 1910012

Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar hefur óskað eftir umræðu um skilavegi, kostnað vegna reksturs þeirra og skilgreiningu og flokkun vegna samkvæmt vegalögum. Umræður.

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að greina reynslu sveitarfélaganna af yfirlýsingu skilavega og þær kostnaðarbreytingar sem yfirlýsingin hefur leitt til.

10. Fráveitumál höfuðborgarsvæðisins - 2404004

Ofangreint var til umræðu á 578. fundi, og samþykkt að áfram yrði unnið að málinu til samræmis við fyrirliggjandi tillögur ráðgjafa og að haft yrði samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um framgöngu málsins.

Í kjölfarið sendi framkvæmdastjóri SSH tölvupóst til framkvæmdastjóra Sambandsins þar sem þess var óskað að Sambandið færi fram á að SSH ætti fulltrúa í samráðshópi um fráveitur. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur nú samþykkt að Sambandið fái tvo fulltrúa í samráðshóp um fráveitur m.t.t. ólíkra hagsmuna annars vegar stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar annarra minni sveitarfélaga og er óskað tilnefningar frá SSH.

Gerð er tillaga um að Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH verði tilnefndur sem fulltrúi SSH í hópnum.

Niðurstaða:

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

11. Ráðning svæðisskipulagsstjóra 2024 - 2405000

Fyrirliggjandi er bréf stjórnar Skipulagsfræðingafélags Íslands (SFFÍ) dags. 19. september 2024 til stjórnar. Gerð er tillaga um að framkvæmdastjóra verði falið að svara erindi SSFÍ en fyrirliggjandi eru drög að svari.

Niðurstaða:

Samþykkt

12. Loftslagsborgarsamningur Reykjavíkurborgar - 2409017

Fyrirliggjandi til kynningar er Loftslagsborgarsamningur sem felur í sér skuldbindingu Reykjavíkur, og þátttakenda í verkefninu, til að móta aðgerðir sem draga mælanlega úr losun gróðuhúsalofttegunda og slyðja við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar um að verða kolefnishlutlaus árið 2030. Fyrirliggjandi er þá minnisblað um hlutverk þátttakenda í fyrstu úrgáfu loftslagsborgarsamnings Reykjavíkur, en gert er ráð fyrir að þátttakendur skuldbindi sig til að leggja fram eina eða fleiri aðgerðir sem unnið er að til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Undirritun samningsins fer fram í ráðhúsi Reykjavíkurborgar kl. 14:30 í dag og er m.a. gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri SSH skrifi undir f.h. samtakanna.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Umsagnir þingmála - 1910005

Fjárlaganefnd Alþingis hefur sent frumvarp til laga um fjárlög 2025, 1. mál, til umsagnar. Frestur SSH til að skila umsögn rennur út 10. október nk. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að senda umsögn um frumvarp til laga um fjárlög til samræmis við umræður fundarins.

14. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - fjárhagsáætlun 2025 - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun 2025 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu. Verður henni vísað til aðildarsveitarfélaga og veitufyrirtækja til endanlegrar afgreiðslu. Vekin er athygli á að áætlunin gerir ráð fyrir að hluti kostnaðar vegna borhola flytjist milli ára, frá 2024 og yfir á árið 2025, fari svo að ein borhola verði ókláruð á árinu 2024 og þá fullkláruð á árinu 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 46. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 22. ágúst 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 47. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 26. september 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna.

15. Svæðisskipulag - fjármál - fjárhagsáætlun - 1510002

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til kynningar er starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2025, sem hefur verið vísað til sveitarfélaganna til umræðu og samþykktar, sbr. bókun 129. fundar nefndarinnar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

16. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 129. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 13. september 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

17. Höfuðborgargirðing - 1508001

Gerður hefur verið samningur við Ártúnabúið ehf. sem sér um eftirlit og viðhald höfuðborgargirðingarinnar, um endurnýjun girðingarinnar á um 3,5 kílómetra löngum kafla. Er samningurinn dags. 1. október 2024 fyrirliggjandi til kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

18. SSH starfsfólk - 2006002

Fyrirliggjandi til kynningar eru reglur um líkamsræktarstyrki til starfsfólks SSH.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.